



# Þinggerð 14. ársþings Héraðssambands Þingeyinga

haldið í Sólvangi, Tjörnesi 12. Mars 2022



## Dagskrá

1. Þingið sett
2. Starfsmenn þingsins kosnir:
  - a) Forsetar
  - b) Ritarar
3. Kjörbréfanefnd kosin
4. Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins kynntir
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
6. Álit kjörbréfanefndar
7. Reikningar bornir undir atkvæði
8. Ávörp gesta
9. Mál lögð fyrir þingið
10. Skipan í starfsnefndir - nefndarstörf
  - a) Allsherjarnefnd
  - b) Íþróttanefnd
  - c) Fjárhagsnefnd
  - d) Laganefnd
11. Afgreiðsla mála
12. Kosningar
  - a) Formaður
  - b) Aðalmenn í stjórn
  - c) Varamenn í stjórn
  - d) Skoðunarmenn
  - e) Fulltrúi á íþróttaping ÍSí
13. Önnur mál
14. Þingslit



## Þinggerð

### 1. Þingsetning (kl.10:00)

Jónas Egilsson formaður HSP setti þingið og bauð gesti velkomna til þings í Sólvang á Tjörnesi. Hann fór um víðan veg varðandi íþróttahreyfinguna og áskoranir sem hún stendur frammi fyrir bæði hér heima fyrir og í stærra samhengi á landsvísu.

### 2. Starfsmenn þingsins

Formaður gerði tillögu um Jóhönnu Kristjánsdóttur sem þingforseta sem var samþykkt með lófataki og tók hún við að stýra þingi.

Jóhanna þakkaði traustið og lýsti ánægju með að vera komin á þing HSP en nokkur ár eru síðan hún var hér síðast. Áður en þingstörf héldu áfram bauð Jóhanna fulltrúum að fá sér kaffi og kleinur.

Jóhanna gerði tillögu að ritarar þings yrðu þau Karl Hannes Sigurðsson og Gunnhildur Hinriksdóttir og var það samþykkt.

### 3. Kjörbréfanefnd

Þingforseti gerði tillögu um Hermann Aðalsteinsson, Birnu Davíðsdóttur og Jón Sverrir Sigtryggsson og var það samþykkt. Kjörbréfanefnd tók strax til starfa.

Lítilsháttar breyting á dagskrá fundarins var samþykkt að ávörp gesta yrðu flutt fyrir skýrslu stjórnar. Jóhanna bauð gestum þingsins að ávarpa þingið:

#### Ávörp gesta

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, ávarpaði þingið og fór yfir hlutverk og stöðu UMFÍ og sagði frá verkefnum þess. Íþróttaveisla UMFÍ verður haldin á sambandssvæði UMSK í tilefni af 100 ára afmæli þeirra og verða nokkrir viðburðir í sumar

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ ávarpaði þingið. Hann fjallaði m.a. um íþróttahreyfinguna, hversu fjölbreytt hún er og ólíkar starfsaðstæður í hverju héraði. Það er því ekki sjálfsagt að það passi bara eitt módel yfir landið fyrir það hvernig íþróttahreyfingin á að starfa. Hann fór yfir ýmis mál og verkefni sem hafa verið í gangi á undanförunum árum og þær aðstæður, ábyrgð og kröfur sem lagðar eru á íþróttafélög og sjálfboðaliða þeirra, þá sérstaklega í COVID ástandinu og þeim ofbeldismálum sem hafa komið upp á yfirborðið undanfarið. Þá kom hann inn á eflingu þjálfaranáms og almenningsíþróttar tengd lýðheilsuáttal og mikilvægi íþróttar í framtíðinni.

Jóhanna þakkaði Kvenfélaginu Öldunni sem sér um veitingar á þinginu.

### 4. Skýrsla stjórnar og ársreikningar 2021 (kl. 10:40)

Jónas fór yfir skýrslu stjórnar á síðastliðnu starfsári og stiklaði á stóru. Kom hann m.a. inn á að þrjú félög hafi enga starfsemi og þurfi þingið að bregðast við því. Þá talaði hann um að styrktarsjóðir sambandsins hafi verið sameinaðir í einn sjóð og telur að fjáruhlutanir séu í betra horfi með þessu fyrirkomulagi. Ýmis verkefni hafa ekki farið af stað en spenntastur er hann fyrir því ef við náum meira samstarfi á milli félaga til þess að styrkja grasróttina og starfið. UMFÍ hvatti til samstarfs við íþróttahéruðin á Eyjafjarðarsvæðinu en því þurfti að margfresta vegna Covid og verður það verkefni nýrrar stjórnar að taka við því. Framkvæmdastjóri fór í tímabundið starf sl. haust og hefur verið ráðinn verkefnastjóri í staðinn a.m.k. þangað til framkvæmdastjóri



kemur aftur í sitt venjulega starfshlutfall. Skipan íþróttafélaga er að breytast, félög eru að hætta og tvö ný íþróttafélög hafa verið stofnuð sem hafa sótt um aðild að HSP, annað þeirra er afrakstur sameiningu félaga. Að lokum vildi Jónas hrósa félögunum fyrir flott starf eins og hægt er að lesa um í ársskýrslu HSP og þakkar fyrir að hafa verið hluti af íþróttahreyfingunni sl. 4 ár en hann tilkynnti að hann muni láta af störfum að þingi loknu. Skýrslu stjórnar má lesa í ársskýrslu HSP 2021.

#### Reikningar sambandsins

Gunnhildur Hinriksdóttir framkvæmdastjóri HSP kynnti reikninga sambandsins og útskýrði staka kostnaðarliði. Hrósar aðildarfélagunum fyrir gott starf unnið í Covid-ástandi síðustu ára. Tekjur sambandsins voru svipaðar milli ára og gjöld lækka milli ára, aðallega vegna lækkaðs starfshlutfalls framkvæmdastjóra. Hagnaður varð af rekstri sambandsins um tæpar 2,9 m.kr. og nema skuldir og eigið fé um 21 m.kr. í lok árs. Ársreikning sambandsins í heild sinni má finna í ársskýrslu HSP 2021.

#### 5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Jóhanna bauð fólki að ræða skýrslu stjórnar. Andri Stefánsson frá ÍSÍ tók til máls, hrósar vel unnum reikningum og kom með ábendingar um vinnslu ársreikninga, að hafa fjárhagsáætlun til hliðsjónar við yfirferð ársreikninga svo hægt sé að sjá hvort sambandið sé að halda sér innan fjárhagsáætlunar. Aðrir töluðu ekki undir þessu lið.

#### 6. Álit kjörbréfanefndar

Hermann kynnti niðurstöðu kjörbréfanefndar. Fulltrúar 17 félaga af 23 félögum eru mættir á þingið, alls 41 þingfulltrúar. Hermann las upp nöfn fulltrúa og bað þá að rísa úr sætum svo hægt væri að staðfesta mætingu þeirra.

Mættir eru eftirfarandi fulltrúar:

**Golfklúbburinn Gljúfri (1/1):** Marínó Eggertsson

**Umf. Efling (4/5):** Eva Hjaltalín, Kristjana Eysteinsdóttir, Aðalsteinn Þorsteinsson, Gunnhildur Hinriksdóttir

**Umf. Bjarmi (3/3):** Birna Davíðsdóttir, Jón Þ. Óskarsson, Helen Jónsdóttir

**Umf. Einingin (1/1):** Sigurlína Tryggvadóttir

**Völsungur (9/9):** Erla Bjarnadóttir, Íris Waitz, Ragnar Hermannsson, Valgeir Sigurðsson, Benedikt Þór Jakobsson, Davíð Þórólfsson, Björgvin Sigurðsson, Ólafur Ármann Sigurðsson, Gunnólfur Sveinsson.

**Skotfélag Húsavíkur (2/2):** Garðar Héðinsson, Grétar Þór Björnsson

**Golfklúbbur Mývatnssveitar (1/1):** Sigurður Baldursson

**Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag (4/4):** Héðinn Björnsson, Kristinn Björn Haraldsson, Elísabet Sigurðardóttir, Arnþrúður Jónsdóttir.

**Umf. Langnesinga (3/5):** Valgerður Sæmundsdóttir, Jónas Egilsson, Úlfhildur Helgadóttir, Sigurbjörn Friðgeirsson.

**Íþróttafélagið Magni (3/4):** Stefán Hrafn, Gísli Gunnar Oddgeirsson, Benedikt Línberg Kristjánsson

**Hestamannafélagið Grani (2/2):** Jón Óli Sigfússon, Stefán Haraldsson

**Hestamannafélagið Þjálfari (1/3):** Jón Sverrir Sigtryggsson

**Hestamannafélagið Feykir (1/1):** Salbjörg Matthíasdóttir

**Skákfélagið Goðinn (1/1):** Hermann Aðalsteinsson

**Hestamannafélagið Snæfaxi (1/1):** Stefán Eggertsson

**Umf. Austri (1/1):** Birna Björnsdóttir

**Golfklúbbur Húsavíkur (2/2):** Birna Ágeirsdóttir, Jón Elvar Steindórsson (og Karl Hannes Sigurðsson)

Að auki sat sem áheyrnarfulltrúi Róbert Karl Boulter f.h. Íf. Þingeyings.



## 7. Reikningar bornir undir atkvæði

Ársreikningar 2021 bornir upp til samþykktar.

Ársreikningarnir samþykktir samhljóða.

## 8. Ávörp gesta

Fyrr um morguninn var samþykkt að þessi liður færi fram á undan skýrslu stjórnar.

## 9. Mál lögð fyrir þingið (kl. 11:0)

Þessi liður tekinn samhljóða næsta lið – skipan í starfsnefndir.

## 10. Skipan í starfsnefndir - nefndarstörf

Þrjár nefndir verða að störfum. Allsherjar- og íþróttanefnd starfi öðru megin í salnum. Fjárhagsnefnd sitji frammi og laganefnd verði á öðrum stað í salnum. Þingskjölin eru öll á heimasíðu HSP en vegna þess að þau voru ekki á borðum eða varpað upp á skjá þá las Jóhanna yfir þingskjölin þannig að allir væru með á nótunum.

### Þingskjal 1

Lagt fram af stjórn HSP

Þakkar- og hvatningartillögur

**Ársþing HSP, haldið í Sólvangi 12. mars 2022**, færir Langanesbyggð, Norðurþingi, Skútustaðahrepp, Þingeyjarsveit, Sparisjóði Suður-Þingeyinga og Ísfélaginu bestu þakkar fyrir veittan stuðning og samstarf á árinu 2021. Stuðningur sveitarfélaga og fyrirtækja er mikilvægur hlekkur í því að halda úti starfsmanni á vegum HSP og efla starf HSP.

**Ársþing HSP, haldið í Sólvangi 12. mars 2022**, hvetur alla félag, unga sem aldna, að fjölmenna á mót UMFÍ í sumar en þau eru Landsmót 50+ haldið í Borgarnesi dagana 24.-26. júní, Íþróttaveisla UMFÍ sem fer fram á sambandssvæði UMSK sumarið 2022 og Unglingalandsmót UMFÍ sem fer fram á Selfossi 29.-31. júlí. Finna má allt um mótin af heimasíðu UMFÍ [www.umfi.is](http://www.umfi.is).

*Þingskjali 1 vísað til allsherjar- og íþróttanefndar.*

### Þingskjal 2

Lagt fram af stjórn HSP

Breytingar á aðildarfélögum HSP

**Ársþing HSP, haldið í Sólvangi 12. mars 2022**, samþykkir eftirfarandi breytingar á aðildarfélögum HSP:

- i. Aðild Íþróttafélagsins Þingeyings, stofnað 9. júní 2021, að HSP
- ii. Aðild Skotíþróttafélags Norðurlands, stofnað í 12. desember 2021, að HSP
- iii. Skráningu Golfklúbbsins Hvamms úr HSP

*Greinargerð:*

Íf. Þingeyingur og Skotíþróttafélag Norðurlands óskuðu eftir aðild að sambandinu á milli ársþinga og samþykkti stjórn HSP bráðabirgðaaðild þeirra en það er á valdi ársþings að staðfesta inngöngu þeirra. Félagin sendu inn gögn eins og lög HSP gera ráð fyrir (17.gr).

Golfklúbburinn Hvammur á Grenivík hefur hætt allri starfsemi og selt allar eigur. Ekki hefur gengið að afskrá félagið vegna fjárkrafa sem enn eru á félaginu. Réttast er að skrá félagið úr sambandinu þar sem starfseminni er hætt.

*Þingskjali 2 vísað til allsherjar- og íþróttanefndar sem og laganefndar en hún les yfir lög félaganna.*

### Þingskjal 3

Lagt fram af stjórn HSP



## Fjárhagsáætlun 2022

Ársþing HSP, haldið í Sólvangi 12. mars 2022, samþykkir framlagða fjárhagsáætlun ársins 2022.

Greinargerð: Helstu tekjur sambandsins eru lottótekjur og rekstrarstyrkir frá sveitarfélögum. Tekjur eru almennt varlega áætlaðar. Árgjöld félaga eru kr. 500,- per félagsmann 18 ára og eldri.

<b>Fjárhagsáætlun HSP</b>				
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>ÁÆTLUN 2022</b>	<b>Rekstur 2021</b>	<b>ÁÆTLUN 2021</b>	<b>Rekstur 2020</b>
<b>Framlög og styrkir</b>	<b>15,491,760</b>	<b>19,349,136</b>	<b>14,620,000</b>	<b>18,899,808</b>
Styrkir ÍSÍ (útb. styrkur)	650,000	773,886	600,000	736,961
Lottó	11,000,000	14,749,284	10,000,000	13,067,988
Getraunir 1x2	150,000	167,486	170,000	220,330
Rekstrarstyrkir sveitarfélaga	3,381,760	3,108,480	3,200,000	3,665,040
Styrkir v/ULM	200,000	40,000	200,000	-
Styrkir v/Æfum alla ævi	-	400,000	200,000	1,150,000
Aðrir styrkir	110,000	110,000	250,000	59,489
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>1,140,000</b>	<b>1,556,000</b>	<b>1,098,000</b>	<b>1,950,091</b>
Skattar félaga	1,100,000	1,432,000	1,058,000	1,626,000
Leiga HSP tjaldi	40,000	120,000	40,000	-
Tekjur v/æf.búða, námsk. o.fl.	-	-	-	319,091
Vörusala (búningar, bækur, pennar ofl.)	-	4,000	-	5,000
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>16,631,760</b>	<b>20,905,136</b>	<b>15,718,000</b>	<b>20,849,899</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
<b>Laun og launatengd gjöld</b>	<b>5,000,000</b>	<b>3,664,963</b>	<b>4,500,000</b>	<b>7,487,529</b>
50% v/frkv.stjóri	5,000,000	3,664,963	4,500,000	4,137,755
50% v/Æfum alla ævi	-	-	-	3,349,774
<b>Styrkir til félaga</b>	<b>8,250,000</b>	<b>11,136,440</b>	<b>7,500,000</b>	<b>9,986,160</b>
Lottó	8,250,000	11,136,440	7,500,000	9,931,671
Ferðastyrkir	-	-	-	54,489
<b>Búningar, áhöld og tæki</b>	<b>50,000</b>	<b>-</b>	<b>50,000</b>	<b>12,000</b>
<b>Þátttaka í mótum</b>	<b>250,000</b>	<b>-</b>	<b>250,000</b>	<b>-</b>
Þátttökukostn. ULM	200,000	-	200,000	-
Annar kostnaður	50,000	-	50,000	-
<b>Verðlaun, bikarar og annar mótakostn.</b>	<b>100,000</b>	<b>90,000</b>	<b>200,000</b>	<b>-</b>
<b>Húsaleiga / rekstur mannvirkja</b>	<b>120,000</b>	<b>120,000</b>	<b>120,000</b>	<b>120,000</b>
Húsaleiga Seigla	120,000	120,000	120,000	120,000
<b>Rekstur skrifstofu</b>	<b>1,900,000</b>	<b>1,088,395</b>	<b>2,095,000</b>	<b>944,764</b>
Sími, ritföng, póstkostnaður	50,000	39,185	70,000	42,547
Funda- og þingkostnaður Ársþing HSP	650,000	552,384	600,000	292,578
Ferðakostnaður stjórnar	100,000	-	125,000	-
Ferðak. Fundir/Þing UMFÍ og ÍSÍ	400,000	75,908	400,000	-
Bókhald og endurskoðun	350,000	235,584	400,000	385,913
Auglýsingakostnaður	150,000	113,486	200,000	110,834
Annar skrifstofukostnaður	200,000	71,848	300,000	112,892
<b>Kynning, fræðsla, útbreiðsla</b>	<b>1,600,000</b>	<b>1,948,398</b>	<b>1,600,000</b>	<b>1,964,136</b>
Nýr verkefna- og styrktarsjóður	1,000,000	1,324,810	1,000,000	-
Fræðslusjóður	-	-	-	1,034,000
Styrkir Frjálsíþr.ráð	300,000	300,000	300,000	500,000
Afreksmannasjóður	-	-	-	-
Aksturssjóður	-	-	-	419,875
Annar kostnaður	300,000	323,588	300,000	10,261
<b>Breyting vörubirgða</b>	<b>100,000</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>
<b>Önnur gjöld</b>	<b>100,000</b>	<b>14,243</b>	<b>100,000</b>	<b>14,825</b>
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>17,470,000</b>	<b>18,062,439</b>	<b>16,415,000</b>	<b>20,529,414</b>
Vaxtatekjur	50,000	34,011	50,000	61,622
Vaxtagjöld	15,000	567	15,000	13,556
<b>Hagnaður/tap</b>	<b>-803,240</b>	<b>2,876,141</b>	<b>-662,000</b>	<b>368,551</b>

Þingskjal 3 vísað til fjárhagsnefndar



## Þingskjal 4

Lagt fram af stjórn HSP

### Staðsetning næsta ársþings

**Ársþing HSP, haldið í Sólvangi 12. mars 2022**, samþykkir að næsta ársþing HSP verði haldið af Íþróttafélaginu Magna á Grenivík.

*Þingskjali 4 vísað til allsherjar- og íþróttanefndar.*

## Þingskjal 5

Lagt fram af stjórn HSP

### Málefnavinna

**Ársþing HSP, haldið í Sólvangi 12. mars 2022**, samþykkir að taka þátt í málefnavinnu á þinginu er lýtur að stöðu íþróttahéraða og framtíð íþróttahreyfingarinnar á svæðinu. Umræðupunktur / ályktanir sem verða lagðar fram:

- Hvetja aðildarfélög til að leita samstarfs í þjálfaramálum og jafnframt hvetja sveitarfélög til þess að greiða götu félaga eða styrkja slíkt samstarf.
- Hvetja til aukinnar samþættingar íþrótt- og æskulýðsstarfs og menntastofnana fyrir börn og unglinga og hvetja jafnframt til sameiginlegra starfskrafta íþrótt- og sveitarfélag líkt og dæmi eru um á svæðinu.
- Hvetja til þátttöku í þjálfaramenntun ÍSí og sérsambandanna.
- Hvetja til fjölbreytni og skemmtunar í félagsstarfi með mótum/viðburðum af ýmsu tagi innan héraðs.
- Skipun vinnuhóps sem skoðar og aðstoðar félögin við að gera úttekt og þarfagreiningu á aðstöðu til æfinga, keppni og félagsstarfs aðildarfélaganna.
- Önnur hagræðing og/eða skipulag innan íþróttahreyfingarinnar

*Þingskjali 5 vísað til til allsherjar- og íþróttanefndar en skjalið verður tekið fyrir síðast þannig að allir þingfulltrúar geti verið með í málefnavinnu tengdu þingskjalinu.*

Þingnefndir tóku þegar til starfa og störfuðu til kl. 12:00. Þá var gert hlé á þingstörfum og heiðranir fóru fram.

### Íþróttafólk HSP og aðrar heiðranir

Veitt voru verðlaun vegna kjörs íþróttamanns HSP fyrir árið 2021. Auk eigna- og farandbikara fengu kjörnir íþróttamenn peningalegan styrk frá HSP og Sparisjóði Suður-Þingeyinga. Eftirfarandi eru kjörnir íþróttamenn HSP í sinni grein 2021:

Blakmaður HSP: Tamara Kaposi-Peto, Völsungi

Frjálsíþróttamaður HSP: Tómas Halldór Pétursson, Völsungi

Glimumaður HSP: Einar Eypórsson, Mývetningi

Knattspyrnumaður HSP: Sæþór Olgeirsson, Völsungi

Skákmaður HSP: Jakob Sævar Sigurðsson, Skákfélaginu Goðanum

Skotíþróttamaður HSP: Rosa Maria Millan, Skotfélagi Húsavíkur

Íþróttamaður HSP 2021 var kjörin Tamara Kaposi-Peto.

Að lokinni verðlaunaafhendingu veitti Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, Jónasi Egilssyni starfsmerki UMFÍ fyrir störf sín sem formaður HSP. Jónas þekkti e.t.v. ekki mikið til starfa HSP þegar hann tók við formennskunni en þekkti vel til íþróttahreyfingarinnar enda þaulvanur félagsstörfum fyrir FRÍ. Jónas hefur verið formaður HSP í 4 ár og hefur á þeim tíma reynt að koma sambandinu áfram til nútímans og lagði m.a. grunn að *Æfum alla ævi*, stefnu HSP í íþrótt- og æskulýðsmálum. Er Jónasi þakkað kærlega fyrir störf sín fyrir íþróttahreyfinguna.



Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, kallaði Ragnar Emilsson frá Golfklúbbsi Húsavíkur upp á svið og veitti honum Silfurmerki ÍSÍ. Ragnar hefur verið meðlimur Golfklúbbsins nær óslitið í 30 ár. Hann hefur gengt hinum ýmsu ábyrgðarstörfum innan klúbbsins, setið í stjórn og verið bæði formaður mótanefndar og vallarnefndar til langs tíma. Ragnar hefur sýnt mikið frumkvæði í endurbótum á vellinum og lagt hönd á plóg í framkvæmdum við hann. Hann var einn aðal hvatamaður að uppsetningu golfhermis sem klúbburinn rekur núna.

Jónas Egilsson, formaður HSP, kallaði upp þær Jóhönnu S. Kristjánsdóttur og Elísabetu Sigurðardóttur en enn átti eftir að afhenda þeim Silfurmerki HSP sem þær voru sæmdar á ársþingi HSP 2021. Einnig kallaði hann Jón Þóri Óskarsson og afhenti honum Gullmerki HSP sem hann var sæmdur á ársþinginu 2021.

Þá sæmdi Jónas eftirtalda aðila heiðursmerkjum HSP fyrir störf sín í hreyfingunni:

Silfurmerki HSP hlutu:

*Valgerður Sæmundsdóttir.* Hún hefur unnið frábært uppbyggingarstarf innan Umf. Langnesinga svo eftir hefur verið tekið á landsvísu.

*Þorsteinn Ægir Egilsson.* Hann hefur unnið fyrir frábært uppbyggingarstarf innan Umf. Langnesinga svo eftir hefur verið tekið á landsvísu.

*Gunnólfur Sveinsson.* Hann hefur unnið ötullega að aðstöðu og framgangi skotíþróttahjústólanna hjá Skotfélagi Húsavíkur á undanförunum árum við bæði haglabyssu og riffilaðstöðu.

*Gylfi Sigurðsson.* Hann hefur unnið ötullega að aðstöðu og framgangi skotíþróttahjústólanna hjá Skotfélagi Húsavíkur á undanförunum árum við bæði haglabyssu og riffilaðstöðu.

Gullmerki HSP hlaut:

*Marinó Eggertsson.* Marinó hlýtur Gullmerki HSP fyrir starf sitt innan golfíþróttarinnar en hann hefur af einskærum áhuga haldið úti og rekið golfvöllinn í Ásbyrgi í fjöldamörgum ár.

Að þessu loknu var fulltrúum og gestum boðið að snæða hádegisverð og hófst dagskrá að nýju kl. 13:00

#### Framhald nefndarstarfa (kl. 13:00):

Jóhanna kynnti að þingskjal 5 yrði lagt fyrir þingheim í formi málþings, en fyrst yrðu tvö erindi frá ÍSÍ og UMFÍ. Jónas var með stutt innlegg í upphafi að þessari umræðu og telur mikilvægt að þingið móti sér einhverja sýn inn í framtíðina.

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ flutti erindið: Íþróttahéruð – tímaskekkja eða tækifæri? Hann fagnar tækifærinu að fá að snerta á þessu efni að ræða um íþróttahéruðin. Eru íþróttahéruðin tímaskekkja eða tækifæri? Þegar íþróttahéruðin eru stofnuð er allt annað landslag, bæði vegalengdir milli staða mun lengri og önnur íbúastaða. Í íþróttalögum er fjallað um íþróttahéruð og eins er í lögum ÍSÍ nánar skilgreint varðandi hlutverk íþróttahéraða. Í mörgum tilfellum eru félögin sjálf orðin mun sterkari heldur en íþróttahéruðin sjálf, breyting sem hefur orðið á síðustu u.þ.b. 50 árum. Myndu íþróttahéruðin vera dregin upp á sama hátt eins og þau eru í dag ef við fengjum frjálst blað? Ekki má samt gleyma að mikill menningarlegur grunnur liggur að baki íþróttahéruðunum en þau búa einnig við misjafnar aðstæður. Á að búast við að gera sömu kröfur til fámennasta íþróttahéraðsins sem telur aðeins 275 félaga og hins fjölmennasta sem telur 150.000? Íþróttahéruðin eiga að sinna ákveðnu hlutverki samkvæmt lögum. Hvernig á að setja sömu kröfur á þá sem eru með 15-20 manns í fullri vinnu (ÍBR) eða í 0,25% stöðugildi? Það þarf að tryggja að ríkisvaldið komi með fjármagn inn í starfið til þess að við getum framkvæmt og fylgt þeim kvöðum sem lagðar hafa verið á íþróttahreyfinguna. Lottóregluverkið er einnig að hefta okkur, það er hagur sumra að engu sé breytt, þó breytinga sé þörf. Hvernig viljum við að íþróttahreyfingin líti út þannig að við getum fullnægt þessum kröfum sem verið er að leggja á okkur?





Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ flutti ávarp. Byrjaði hann á að segja frá tengingu sinni við svæðið en hann starfaði sjálfur eitt sumár á Raufarhöfn við þjálfun og leikjanámskeið ásamt öðrum störfum. Þýr að þessari reynslu ásamt því að hafa tekið þátt í stjórnun íþróttafélaga, fyrst aðeins 14 ára. Þegar héruðin eru stofnuð á sínum tíma þá eru ekki til sérsambönd. Þá eru það héruðin sem halda mótin og eru að byggja upp starfið. Félagsheimili, sundlaugar og ýmislegt er byggt upp m.a. fyrir tilstilli starfs íþróttahéraða og svo reglugerða um t.d. sundskyldu. Það geta ekki allar íþróttagreinar verið í boði alls staðar – fer eftir aðstæðum á hverjum stað og þekkingu sem er til staðar. Þetta breytist oft með fólkinu og þeim sem eru í forsvari, eftir áhuga þeirra og þekkingu. Sumir eru búnir að halda starfinu gangandi í 30-40 ár. Íþróttahreyfingin þarf að fylgja þessum áskorunum sem eru í gangi, skoða lottómálin og hvernig við getum minnkað álag á sjálfboða. Hann kom einnig inn á mörk íþróttahéraða, það eru ekki allir að sækja starfið inn í sitt hérað, e.t.v. er styttra í annað hérað. Samgöngur og sýsluembætti stýrðu því væntanlega þegar íþróttahéruðin voru stofnuð. Það sem skiptir máli er að félagsstarfið sé skemmtilegt, þetta þarf að vera skemmtilegt og nauðsynlegt að það sé í boði. Hvað gerum við til þess að halda uppi íþróttastarfi út um allt land (óháð íþróttahéruðum).

Að þessum erindum loknum kynnti Gunnhildur, framkvæmdastjóri HSP, fyrirkomulag málefnavinnunnar. Markmið málefnavinnunnar er að fá fram ályktanir eða sýn á framtíðina sem hægt er að nota til þess að hvetja stjórn HSP eða stjórnvöld til verka (ríki/sveitarfélög). Þingfulltrúum var skipað í fimm jafna hópa, talið var í hópa til að fá góða dreifingu. Spurningar voru lagðar fyrir hópana, hver og einn þingfulltrúi beðinn að velja spurningunni fyrir sér og ræða svo innan hópana. Hóparnir áttu svo að skila niðurstöðum hópsins skriflega og höfðu þeir milli 10-15 mínútur til að ræða hverja spurningu. Aðeins var ein spurning lögð fyrir í einu, þá var niðurstöðum safnað og næsta spurning lögð fyrir.

Spurningarnar voru:

1. Hvað getur félagið/HSP gert til þess að bæta starfið?  
(Hjálparpunktur til að koma hugsuninni af stað: fræðslu, þátttöku/iðkendafjöldi, starf þjálfara, samstarf félaga, samheldni innan svæðis, störf stjórna aðildarfélaganna, annað)
2. Á að efla samstarfið innan héraðs?  
(Ef nei – útskýrið hvers vegna ekki er þörf á því. Ef já – leggið fram hugmyndir)
3. Á að auka samstarf við nágrannahéruð eða fækka skrifstofum?  
Nágrannahéruð eru UÍA á Austurlandi og UMFE, ÍBA og UÍF við Eyjafjörð og Tröllaskaga.  
(Hvers konar tækifæri liggja í samvinnu? Eru ógnanir sem geta fylgt stærra svæði?)
4. Hvernig hljómar tillaga um að skylda aðildarfélög til þess að tilnefna fólk í stjórn HSP?  
(Er hægt að beita einhverri reglu? Er önnur hugmynd betri?)
5. Á HSP að skipa meira hlutverk í samræðu á milli félaganna og sveitarfélaganna?  
(Ef já, leggið fram hugmyndir hvernig. Ef nei, útskýrið hvers vegna ekki er þörf á því)
6. Hvað vantar/skortir íþróttafélögin?  
(Opin spurning til innlagnar hjá stjórn)

Nefndarstörf vegna þingskjals 5 stóðu til kl. 14:45 en þá var þingfulltrúum boðið að fá sér kaffiveitingar.

## 11. Afgreiðsla mála (15:00)

Á meðan fulltrúar nutu kaffiveitinga fór Jóhanna yfir niðurstöður úr málefnavinnu þingskjals 5. Las hún upp helstu atriði hverrar spurningar.

### Þingskjal 5. Niðurstöður

1. Hvað getur félagið/HSP gert til þess að bæta starfið?



Samnýta þjálfara og dómara (þjálfaramenntun og dómaramenntun), milliganga um sérhannað æfingarhúsnæði (t.d. á Akureyri), efla samstarf foreldra og sameinast í bíla. Auka samvinnu milli félaga m.t.t. fræðslu og sameiginlega viðburði. App fyrir snjalltæki um starf stjórna til að auðvelda það.

2. Á að efla samstarfið innan héraðs?  
Já. Samnýta þjálfara. Æfingabúðir. Auka upplýsingaflæði um starfsemi milli félaga. Viðburðarstjórnun. Þjálfarabúðir, efla fræðslu, akstursstyrkur, héraðsmót
3. Á að auka samstarf við nágrannahéruð eða fækka skrifstofum?  
Nei. Getum misst félög, hættulegt að stækka svæðið of mikið. Mikilvægt að auka frekar samstarf innan héraðs, minnstu félögin myndu týnast. Aukin samvinna þó jákvæð - aukin samnýting sérhæfðrar aðstöðu.
4. Hvernig hljómar tillaga um að skylda aðildarfélög til þess að tilnefna fólk í stjórn HSP?  
Niðurstaðan var jákvæð en ekki væri hægt að skikka einn né neinn til starfa. Stærri félög ættu að bera meiri ábyrgð. Félag gætu fengið eitthvað t.d. auka skerf af lottótekjum ef þau eiga stjórnarmann í HSP.
5. Á HSP að skipa meira hlutverk í samræðu á milli félaganna og sveitarfélaganna?  
Jafnt já og nei. Já hópar vildu tryggja jafnræði milli félaganna og stuðningur við minni félög. Nei hópar töldu þetta óþarfa millilið og HSP ætti að vera meira til ráðgjafar fyrir aðildarfélögin.
6. Hvað vantar/skortir íþróttafélögin (aukaspurning)  
Peningar, iðkendur, menntaðir þjálfarar, sjálfbóðaliðar, búnaður, tími og samgöngur (í þessari röð).

#### *Þingskjal 1 Hvatningar og þakkartillögur*

Jón Sverrir, Hestamannafélaginu Þjálfra, flutti niðurstöðu allsherjar- og íþróttanefndar um þingskjal 1. Lagt er til að þingskjalið verði samþykkt óbreytt.

Þingskjal 1 borið undir samþykki og samþykkt samhljóða.

#### *Þingskjal 2 Breytingar á aðildarfélögum HSP*

Fjallað var um þingskjalið í tveimur nefndum.

Jón Sverrir, Hestamannafélaginu Þjálfra flutti niðurstöðu allsherjar- og íþróttanefndar um þingskjal 2:

1. liður: Aðild íþróttafélagsins Þingeyinga samþykkt úr nefnd.
2. liður: Aðild Skotíþróttafélags Norðurlands hafnað úr nefnd vegna ófullnægjandi gagna.
3. liður: Skráning Golfklúbbsins Hvamms úr HSP samþykkt úr nefnd.

Garðar Héðinsson, Skotfélagi Húsavíkur, gerði grein fyrir niðurstöðu laganefndar um þingskjal 2:

1. liður: Aðild íþróttafélagsins Þingeyinga samþykkt úr nefnd.
2. liður: Aðild Skotíþróttafélags Norðurlands samþykkt úr nefnd.
3. liður: Skráning Golfklúbbsins Hvamms úr HSP samþykkt úr nefnd.

Jónas Egilsson, formaður HSP, kvað sér hljóðs. Ekkert í lögum HSP hindrar að Skotíþróttafélag Norðurlands gangi í HSP en hins vegar eru gerðar auknar kröfur til skotíþróttafélaga skv. lögum og reglugerð um skotvopn og skotfæri (787/1998). Öll gögn hafa borist skv. lögum HSP en stofnfundargerð barst ekki. Hann tekur fram að HSP er ekki mótfallið aðild Skotíþróttafélags Norðurlands og leggur til að félagið verði samþykkt sem aðildarfélag HSP með þeim fyrirvara að félagið uppfylli og skili þeim gögnum skv. kröfum sem settar eru fram í lögum um skotvopn.

Andri Stefánsson (ÍSí) kom í pontu og fór yfir löggjöfina og í hvaða röð verður að uppfylla skilyrði áður en félag getur talist aðildarfélag ÍSí. Leggur til að þingið samþykki inngöngu með fyrirvara um að félagið uppfylli kröfur. Bent var á að gera þyrfti breytingartillögu ef setja ætti fyrirvara í þingskjal 2. Á meðan verið var að vinna þá tillögu steig Andri aftur í pontu og benti á að lög um skotvopn væru í raun starfsleyfi félagsins.



### Breytingartillaga um þingskjal 2 lögð fram:

Gunnhildur Hinriksdóttir, framkvæmdastjóri HSP, gerir grein fyrir tillögunni en liður 2 breytist sem hljóðar þá:

- ii. Aðild Skotíþróttafélags Norðurlands, stofnað í 12. desember 2021, að HSP með fyrirvara um að stjórn HSP hafi eftirlit með því að félagið uppfylli kröfur ríkislögreglustjóra í reglugerð nr. 787/1998.

Breytingartillagan borið undir samþykki og samþykkt samhljóða.

Þingskjal 2 með áorðnum breytingum hljóðar þá svo:

**Ársþing HSP, haldið í Sólvangi 12. mars 2022**, samþykkir eftirfarandi breytingar á aðildarfélögum HSP:

- i. Aðild Íþróttafélagsins Þingeyinga, stofnað 9. júní 2021, að HSP
- ii. Aðild Skotíþróttafélags Norðurlands, stofnað í 12. desember 2021, að HSP með fyrirvara um að stjórn HSP hafi eftirlit með því að félagið uppfylli kröfur ríkislögreglustjóra í reglugerð nr. 787/1998.
- iii. Skráningu Golfklúbbsins Hvamms úr HSP

Þingskjal 2 með breytingum borið undir samþykki og samþykkt samhljóða.

### Þingskjal 3 Fjárhagsáætlun 2022

Gunnhildur Hinriksdóttir, framkvæmdastjóri HSP, gerði grein fyrir niðurstöðum fjárhagsnefndar. Nefndin leggur fram breytingartillögu um að hækka áætlaðar lottótekjur um 1 milljón kr. og breytast þá samtölur og úthlutun lottós til félaganna í samræmi við það. Heildartekjur verða þá 17.631.760 kr. Lottógreiðslur til félaganna verða þá 9.000.000 kr. og rekstrargjöld alls 18.220.000. Tap sambandsins er þá áætlað 553.240 kr.

Þingskjal 3 með breytingum borið undir samþykki og samþykkt samhljóða.

### Þingskjal 4 Staðsetning næsta ársþings

Jón Sverrir Sigtryggsson, Hestamannafélaginu Þjálfar, gerði grein fyrir niðurstöðum allsherjar- og íþróttanefndar. Þingskjalið er samþykkt óbreytt úr nefnd.

Þingskjal 4 borið undir samþykki og samþykkt samhljóða.

## 12. Kosningar (kl. 15:48)

a) Tillaga um formann: Jón Sverrir Sigtryggsson. Samþykkt.

b) Aðalmenn til tveggja ára: Jónas Halldór Friðriksson og Sigfús Hilmir Jónsson. Samþykkt.

c) Varamaður til tveggja ára: Dagbjört Aradóttir. Samþykkt.

Engin mótframboð komu og voru nýir fulltrúar samþykktir með lófaklappi.

d) Skoðunarmenn reikninga: Gunnhildur Stefánsdóttir og Margrét Halla Lúðvíksdóttir, til vara Steinunn Ósk Stefánsdóttir. Samþykkt.

e) Fulltrúi á Íþróttaping ÍSÍ. *Samþykkt að vísa vali til stjórnar.*

## 15. Önnur mál (kl. 15:51)

Jónas Egilsson, fráfarandi formaður HSP, tekur til máls. Óskar nýkjörnum formanni til hamingju sem og nýju stjórnarfólki velfarnaðar í starfi og þakkar fyrir sig og gott þing.

Kvenfélagið Aldan sá um veitingar og þeim þakkað fyrir velgjörðir og veitingar.

Gunnhildur Hinriksdóttir tekur til máls. Þakkar Jónasi Egilssyni, fráfarandi formanni HSP, fyrir sitt framlag. Einnig þakkar hún fráfarandi stjórnarmeðlimum fyrir sín störf.

## 16. Þingslit (kl. 16:00)

Nýkjörinn formaður HSP, Jón Sverrir Sigtryggsson, slítur þingi.

